

**Fundur haldinn í Menningarráði Norðurlands vestra, á Skagaströnd,
mánudaginn 23. mars 2009, kl. 13.00**

Mætt voru: Guðrún Helgadóttir formaður, Adolf H. Berndsen, Bjarni K. Þórisson, Pétur Jónsson, Gunnar Bragi Sveinsson og Ingibergur Guðmundsson menningarfulltrúi.

Formaður setti fund og stjórnaði honum.

Dagskrá:

1. Menningarlandið

Boðað hefur verið til ráðstefnu í Stykkishólmi 11.-12. maí. Þar verður fjallað um reynsluna af menningarsamningunum og árangur af þeim. Gert er ráð fyrir að fulltrúar sveitarfélaga, menningarstofnana, safna, ferðaþjónustuaðila o.fl. mæti á ráðstefnuna.

2. Umsóknir um verkefnastyrki

Fyrri umsóknarfrestur ársins 2009 rann út 12. mars sl. Alls bárust 78 umsóknir þar sem óskað var eftir rúmum 56 milljónum í styrki. Samþykkt var að veita alls 59 styrki til 55 aðila, samtals að upphæð 20.350.000 kr.

Úthlutun styrkja mun fara fram föstudaginn 3. apríl kl. 15.00 í Vesturfarasetrinu á Hofsósi.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið kl. 17.00.

Ingibergur Guðmundsson
fundarritari

This document was created with Win2PDF available at <http://www.win2pdf.com>.
The unregistered version of Win2PDF is for evaluation or non-commercial use only.
This page will not be added after purchasing Win2PDF.